

Yngvi Þór Loftsson  
Landmótun  
Hamraborg 12  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. mars 2014  
Tilvísun: UST20140300012/ksj

## Tillaga að aðalskipulagi Húnaþings Vestra 2014 - 2026

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Húnaþings Vestra 2014 - 2026.

### Frístundabyggð

Frístundabyggðirnar F3, F4, og F5 eru sýndar á uppdrætti sem aðliggjandi svæði að Vesturhópsvatni, en vatrið og umhverfi þess eru svæði nr. 404 á náttúruminjaskrá, en um svæðið segir í skránni: "Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, myrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki." Umhverfisstofnun minnir á að í náttúruminjaskrá eru svæði sem þykir vert að friðlýsa í framtíðinni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sérstætt landslag sé ekki lagt undir frístundabyggð. Stofnunin bendir einnig á að Borgarvirki og umhverfi þess er einstakt svæði með mikið verndargildi. Að mati Umhverfisstofnunar mun frístundasvæði F4 í landi Litlu Borgar hafa neikvæð sjónræn áhrif á það landslag sem er umhverfis Borgarvirki. Frístundasvæði F3 og F5 eru eldri svæði þar sem þegar hafa verið deiliskipulögð svæði auk þess sem þau er víðáttuminni frístundabyggðir en áætlað er á svæði F4. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætla frístundabyggð fjær mikilvægum minjum eins og Borgarvirki umhverfi þess en gert er ráð fyrir í áætluninni. Í sveitarfélagini virðist vera nægilegt rými fyrir frístundabyggðir og því ekki þörf á að áætla slíkar byggðir svo nálægt og á einstökum svæðum.

### Efnistöku- og efnislosunarsvæði


Í sveitarfélagini er fjöldi náma. Að mati Umhverfisstofnunar er greinargóð yfirferð yfir námur í skipulagstillöggunni og stofnunin tekur undir tillögur um frágang efnistökusvæða í greinargerðinni.

## Náttúruminjasvæði

Í Húnabingi Vestra er svæðið á náttúruminjaskrá nr. 405 Kerafossar. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í skessukatlamyndanir efst í fossinum hefur verið steyptur einhvers konar laxastigi sem er til óprýði á svo sérstæðum náttúruminjum.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun